

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Efni: Leikskólareiknir, stöðuuppfærsla

Stafrænt ráð hefur óskað eftir stöðu á máli er varðar Leikskólareiknirinn, töl sem sýnir gögn um biðlistatölur á leikskólum borgarinnar. Kynning fór fram á verkefninu á fundi stafræna ráðsins þann 13. september s.l. sbr. 7. lið fundargerðar s.d. Í kynningunni var varpað ljósi á tvær áskoranir sem teymið er vinnur að verkefninu stóðu frammi fyrir.

Annars vegar var það áskorun að fá aðgengi að gögnum frá Advania til að byggja útreikningana á og hins vegar var það áskorun sem snéri að innskráningu í gegnum Stafrænt Ísland en báðar áskoranirnar snéru að Völu kerfinu sem rekið er og hýst af Advania og notað er fyrir umsóknir og nemendaumsýslu leikskólabarna í Reykjavík. Tvær auðkenningarleiðir eru í boði hjá Stafrænt Ísland og nota Advania og Reykjavíkurborg sithvora. Sú auðkenningarleið sem Reykjavíkurborg notar er fyrir sveitafélög og opinberar stofnanir. Reykjavíkurborg óskaði eftir því við Stafræn Ísland að Advania hlyti undanþágu til þess að nýta sér þessa auðkenningu fyrir Völukerfið, þar sem það er notað af sveitafélögum. Auðkenning þessi er lykilþáttur í því að hægt sé að færa innritun yfir á *Mínar Síður* Reykjavíkurborgar, en á sama tíma nýta Völu í bakgrunni sem nemendaumsýslukerfi.

Núverandi staða:

Tekist hefur að smíða vefþjónustur sem sækja gögn nauðsynleg fyrir leikskólareiknirinn og eru þær tilbúnar og hægt að sækja gögnin daglega. Advania hefur því lokið vinnu sín megin og unnið er að smíði á okkar enda.

Stafrænt Ísland hefur gefið Advania leyfi til að nýta innskráningaþjónustu island.is fyrir Völu. Fleiri sveitafélög en Reykjavík nota Völukerfin og mun Reykjavíkurborg taka upp samtalið með hinum sveitafélögum til að ganga úr skugga um að sama auðkenningarleið sé nýtt allsstaðar í tengslum við kerfin.

Niðurstaða:

Í stuttu máli eru engar hindranir lengur sem teymið sér að komi í veg fyrir áframhaldandi vinnu og þróun við vörurnar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Arna Ýr Sævarsdóttir,
Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga